

Ummæli félaga

Mig langar til að segja ykkur hvað Geysir er góður staður fyrir fólk sem lendir í veikindum. Ég var mjög veik þegar ég kom fyrst í klúbbinn en hef náð miklum bata síðan með aðstoð klúbbsins. Mig langar líka að segja ykkur frá félagslegri dagskrá sem er í boði eftir lokun á fimmtdögum. Þá fórum við t.d. út að borða, í bíó, á söfn og margt fleira. Ég hef til dæmis farið í pilukast sem mér fannst mjög gaman að taka þátt.

Ingibjörg Sigurðardóttir



Klúbburinn Geysir Skipholti 29, 105 Reykjavík

Fastir viðburðir í Klúbbnum Geysi

Mánudagar: Skipulagsfundur kl. 10:00 og eldhúsdeildarfundur kl. 10:30

Priðjudagar: Tölvuver 11:15

Miðvikudagar: Húsfundur kl. 14:30

Fimmtudagar: Ritsjórnarfundir kl. 11:15,

Alla daga: Morgunfundur kl. 8:45, deildarfundur kl. 09:15 og 13:15

Stefnuyfirlýsing Klúbbsins Geysis

Virðing – Víðsýni – Vinátta

Við bjóðum velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðraen veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningagrundvelli með það að markmiði að auka samfélagsslega þátttökum og efla lífsgæði. Þetta gerum við með því að:

- vera öruggur samastaður
- hafa fjölbreytt verkefni á vinnumiðuðum degi
- efla sjálfstraust með því að taka tillit til styrkleika, áhuga og getu hvers og eins hverju sinni.
- veita stuðning í námi og atvinnuleit
- bjóða tímabundin atvinnutækifæri

Samvinna – Samræður – Samhljómur


Opnunartimar í Geysi:

Mánudaga til fimmtudaga: 08:30 til 16:00

Föstudaga: 08:30 til 15:00

Opið er einn laugardag í mánuði: 11:00 til 15:00

Sjá nánar um opnunartíma á www.kgeysir.is



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Sjá einnig: clubhouse-intl.org
clubhouse-europe.org



Geðheilsa er líka heilsa

Klúbburinn Geysir

Með þér út í lífið

Virkni skapar vellíðan



KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

Brot úr hugmyndafræði Clubhouse International



Klúbburinn Geysir starfar eftir hugmyndafræði Clubhouse International sem byggir á að efla hæfileika og styrk einstaklingsins.

Með því að gefa hverjum og einum tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar þjálfast viðkomandi til fjölbreytrar þátttöku í samfélaginu.

Í störfum innan Klúbbbsins Geysis er lögð áhersla á stuðning og virðingu fyrir félögum.

Lögð er áhersla á jákvæða athygli og horft á styrkleika, í stað þess að einblína á sjúkdóminn.

Kynningar og inttaka nýrra félaga

Reynt er að haga kynningum eftir þörfum hvers og eins. Óskum um kynningar er svarað í síma 551-5166 og fundinn tími sem hentar. Kynningarnar eru alltaf í



höndum félaga og starfsmanns. Í kynningu er farið um húsið, deildirnar skoðaðar, farið yfir starfsemi þeirra og uppbryggingu vinnumiðaðs dags. Að lokinni ferð um húsið er sest niður með viðkomandi, farið yfir hugmyndafræði Fountain House og spurningum svarað.

Allir sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að striða geta orðið félagar í Klúbbnum Geysi.

Engin félagsgjöld eru í klúbbnum.

Hvernig starfar Klúbburinn Geysir?

Félagar vinna samkvæmt skipulögðum vinnudegi í deildunum tveimur: Skrifstofu-, atvinnu- og menntadeild og eldhús- og viðhaldsdeild. Félagar og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum og ákveða í sameiningu hvaða störf þarf að inna af hendi. Félagar ákveða í hvaða deildum þeir vinna og á hvaða tínum. Öll vinna félaga í klúbbnum er unnin í sjálfboðavinnu.

Skrifstofu-, atvinnu- og menntadeild

Á skrifstofunni eru tölver til afnota fyrir félaga, þar sem þeir geta unnið að margvíslegum verkefnum er tengjast starfsemi og markmiðum klúbbnsins, svo sem skráningar, úthringingar, útgáfa, innsláttur og fleira.



Atvinnu- og menntadeild, ATOM, styður félaga við að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun með því að nýta þau tækifæri sem eru í boði úti í samfélaginu. Deildin er eining innan skrifstofudeilda.

Eldhús- og viðhaldsdeild

Í eldhúsini er framreiddur morgunmatur og hádegismatur. Að auki er bakað fyrir veislur og aðrar uppákomur sem haldnar eru í klúbbnum. Í kaffiteríunni eru seldir matarmiðar, gos, ávextir og annað góðgæti.



Viðhaldsdeildin er með verkstæði á fyrstu hæð. Þar eru geymd verkfæri og áhöld til viðgerða og viðhalds auk þess sem hægt er að vinna að ýmsum smærri viðgerðum og lagfæringum.



Deildirnar skipta með sér umsjón móttöku þar sem svarað er í síma og tekið á móti félögum og gestum.

Ráðning til reynslu RTR

Í atvinnu- og menntadeild Geysis, ATOM, sem starfar jafnhliða skrifstofudeildinni, vinna félagar og starfsmenn að því að ná tengslum við vinnuveitendur.

Ráðning til reynslu er tilboð um atvinnupáttóku fyrir félaga á frjálsum markaði. RTR störf eru hlutastörf í 9 til 12 mánuði. Starfsmaður klúbbnsins kynrir sér starfið og þjálfar viðkomandi félaga, vinnuveitanda að kostnaðarlausu. Að þjálfun lokinni fer félaginn á launaskrá hjá vinnuveitandanum. Ef félaginn veikist eða getur ekki sinnt starfinu er klúbburinn ábyrgur og sér til þess að annar sinni starfinu, annað hvort félagi eða starfsmaður.

Starfsmaður klúbbns veitir bæði félaganum og vinnuveitandanum stuðning á meðan á ráðningu stendur og fylgist með gangi mála. Jákvætt er ef félagi sækir klúbbinn samhliða RTR.

Útvist og félagsstarf

Félagsleg dagskrá alla fimmtudaga:

Alla fimmtudaga er boðið upp á félagslega dagskrá að vinnudegi loknum. Síðasta fimmtudag hvers mánaðar er ávallt opið hús og er þá opið samfellt til kl. 19:00. Aðra fimmtudaga er farið í gönguferðir, bíó, leikhús, keilu, kaffihús og margt annað.



Laugardagsopnun:

Opið Hús er einn laugardag í mánuði frá kl. 11.00 — 15.00. Nánar er tilkynnt í fréttabréfi Klúbbnsins og heimasiðu hvaða laugardaga er opið í hverjum mánuði.

Ferðalög:

Árlega er farin vor— eða haustferð og hefur meðal annars verið farið til Sauðárkróks, Grenivíkur, Vestmannaeyja, Akureyrar, London, Benidorm og Kanaríeyja.